



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Heilbrigðisráðuneytið  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

Reykjavík 8. febrúar 2021

2101024SA KB/bg  
Málalykill: 00.64

### **Efni: Umsögn um stöðuskýrslu og tillögur starfshóps ráðherra um barneignarþjónustu, mál nr. S-5/2021**

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 8. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um skýrslu starfshóps sem heilbrigðisráðherra fól að gera tillögur að bættri barneignarþjónustu með áherslu á að auka samþættingu á milli meðgönguverndar, fæðingarhjálp og þjónustu við konur á sængurlegu. Starfshópurinn lagði áherslu á að litið sé á barneignarþjónustu sem samfellt þjónustuferli þó svo að þjónustan sé veitt á mismunandi stöðum og á mismunandi stigum heilbrigðisþjónustu. Fram kemur í skýrslunni að tillögur starfshópsins miði að því að tryggja aðgengi allra að nauðsynlegri þjónustu, óháð búsetu, fjárhag og félagslegri stöðu.

Í stefnumörkun sambandsins er samþykkt var af stjórn sambandsins 30. nóvember 2018 á grundvelli umfjöllunar á XXXII. landsþingi sambandsins er fjallað um heilbrigðisþjónustu og byggðamál og kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Sambandið stuðli að bættri heilbrigðisþjónustu með nýtingu á nýjustu tækni og fjarskiptum við framkvæmd þjónustunnar. Þannig skal með innleiðingu fjarheilbrigðisþjónustu leitast við að tryggja aukið aðgengi að sérfræðiþjónustu.“

„Sambandið beiti sér fyrir því að byggðamál verði samþætt við aðra málaflokka eftir því sem við á. Þá verði áhrif á þróun einstakra byggða og búsetu skoðuð og metin í allri stefnumörkun og áætlanagerð hins opinbera.“

Sambandið styður eindregið það markmið að öllum sé tryggt aðgengi að nauðsynlegri þjónustu, óháð búsetu, fjárhag og félagslegri stöðu og að nýtt séu tækifæri til fjarheilbrigðisþjónustu þar sem því verður við komið. Ástandið eins og það er í dag þar sem tilviljun ein virðist stjórna aðgengi að barneignarþjónustu á landsbyggðinni er ekki viðunandi ástand. Munu því tillögur starfshópsins um úrbætur í barneignarþjónustu á landsbyggðinni hafa jákvæð á byggðapróun í landinu ef þær koma til framkvæmda.


Sambandið vill þó taka undir athugasemdir Sveitarfélagsins Skagafjarðar og vara við því að umdæmi héraðsljósmaðra séu skilgreind eingöngu út frá „klukkustundar neyðarflutningi á landi“ þar sem taka þarf einnig tillit til veðurfars á svæðinu og samgöngumöguleika. Dreifðari byggðir þar sem veður ítrekað lokar byggðalög af frá heilbrigðisþjónustu og samgöngur ítrekar lokast yfir vetrartíma munu þurfa að treysta á aðgengi að ljósmæðrum innan síns svæðis. Er því mikilvægt að samþætta

áætlun um barneignarþjónustu einnig við samgönguáætlun þar sem bættar samgöngur geta aukið aðgengi að nálægðri barneignarþjónustu.

Sambandið hvetur til þess að þegar tillögur starfshópsins verða útfærðar nánar, t.d. þegar kemur að staðsetningu héraðsljósmæðra, verði haft samráð við hlutaðeigandi sveitarfélög.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri